

Nd.

924. Breytingartillögur

við frv. til laga um dagheimili fyrir börn innan skólaskyldualdurs.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 1. gr.
 - a. b-liður orðist svo: Leikskóla fyrir börn frá eins og hálfis árs að skólaskyldu-aldri. Börnin dvelji þar daglangt eða hálfan daginn undir umsjá leikskóla-fóstru.
 - b. c-liður falli burt.
2. Við 2. gr. Í stað „fræðslumálastjórnarinnar“ komi: fræðslumálastjórnar.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Stofna skal dagheimili í kaupstöðum og þorpum, þegar barnaverndarnefnd staðarins færir rök fyrir þörf á því og hlutaðeigandi sveitarstjórn, barnaverndarráð og fræðslumálastjóri samþykkja, enda hafi til þess verið veitt fé í fjárlögum. Ber áðurgreindum aðilum að taka fullt tillit til félagasamtaka kvenna og barnavinafélaga á staðnum, ef þau annaðhvort eða bæði beita sér fyrir stofnun dagheimila.
4. Við 4 gr. Greinina skal orða svo:

Stofnun dagheimila skal hagað svo, að jafnan verði þeim fyrst komið upp þar, sem þörfin er mest að dómi barnaverndarráðs, og skal svo haldið áfram eftir því, sem fé er til þess veitt, unz þörfinni er fullnægt. Um stærð og fyrirkomulag dagheimila fer eftir því, sem bezt hentar á hverjum stað, og skulu þau byggð samkvæmt teikningu, er fræðslumálastjóri samþykkir, en þó skal hvert heimili eigi vera stærra en svo, að það rúmi 100 börn alls.
5. Við 5. gr. Greinina skal orða svo:

Ríkissjóður greiðir tvo fimmtu hluta stofnkostnaðar. Hinn hlutann greiðir hlutaðeigandi sveitarsjóður, sem jafnframt leggur til hæfilega stóra lóð í þessu skyni. Nauðsynlegur húsbúnaður og uppeldistæki teljast til stofnkostnaðar.

Hjúkrunarkonur og leikskólafóstrur dagheimila eru opinberir starfsmenn og taka laun úr ríkissjóði, enda hafi þær hlotið þá menntun, sem fræðslumálastjórn tekur gilda. Þær skulu hafa sömu launakjör og hliðstætt starfsfólk ríkisspítalanna. Framfærendur barnanna greiða fæðiskostnað. Annar rekstrarkostnaður greiðist úr sveitarsjóði.
6. Þá koma tvær nýjar greinar, sem verða 6. og 7. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkv. því):
 - a. (6. gr.) Í Reykjavík skal starfa dagheimilanefnd, skipuð sjö mönnum, þannig: Bæjarstjórn tilnefnir tvo menn, Bandalag kvenna í Reykjavík einn, Barnavinafélagið Sumargjöf tvo, barnaverndarráð einn. Fræðslufulltrúinn í Reykjavík er sjöundi maður, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Utan Reykjavíkur er barnaverndarnefnd jafnframt dagheimilanefnd, nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð.
 - b. (7. gr.) Verkefni dagheimilanefndar eru einkum: a. að hafa umsjón og eftirlit með rekstri staðarins og vali barna þangað; b. að láta auglýsa og gera tillögur til fræðslumálastjórnar um tölu og ráðningu starfskvenna, er taka laun úr ríkissjóði samkvæmt 5. gr.; c. að ráða annað starfsfólk í samráði við forstöðukonu hvers dagheimilis; d. að annast um, að dagheimili hafi nauðsynlegan útbúnað og tæki; e. að gera tillögur til sveitarstjórnarinnar um árlegan rekstrarkostnað; f. að gera tillögur til fræðslumálastjórnarinnar um erindisbréf fyrir starfsfólk dagheimila.

Verksvið dagheimilanefndar skal nánar ákveðið í reglugerð.
7. Við 6. gr. Greinina skal orða svo:

Fræðslumálastjórn setur reglugerð um rekstur dagheimila í samráði við barnaverndarráð.